



NADIA LASSERSON,

B. Mus (Lond), ARAM, GRSM, ARCM

Nadia Lasserson stundaði nám við The Royal Academy of Music í London, þar sem hún hlaut m.a. Manns verðlaunin. Aðalkennarar hennar á píanó voru Robin Wood og Max Pirani, en aðalleiðbeinandi Nadiu í B.Mus námi var Dr. Eric Thiman. Hún lærði einnig á klarinett hjá Alan Hacker og sembal hjá Geraint Jones.

Nadia er mjög fjölhæfur og reyndur píanóleikari, sem spilar jöfnum höndum ljóða-, kammermúsik sem og píanókonserter. Meðal annars lék hún nýlega annan og fimmta píanókonsert Beethovens í Cadogan Hall tónleikasalnum í London og á Indlandi.

Nadia hefur mikla reynslu sem píanó kennari. Hún var deildarstjóri píanódeildarinnar í James Allens stúlkenskólanum auk þess að kenna við barna- og unglingadeildir The Royal College of Music og Trinity College of Music í London. Hún rekur einnig sinn eigin píanóskóla í Herne Hill.

Auk þess að vera dómari í hinum ýmsu keppnum og fyrrum prófdómari fyrir The Associated Board, er Nadia stofnandi Piano 40 (píanókvartett með 8 höndum á tvö píanó) sem er eini kammerhópur sinnar tegundar á Bretlandi. Yfir 27 verk hafa verið samin sérstaklega fyrir hópinn.

Nadia hefur mikla trú á gildi þess, fyrir nemendur á öllum aldri og mislangt komna, að leika kammertónlist og að spila saman. Hún heldur reglulega námskeið og masterklassa á Bretlandi og út um allan heim um þetta efni, auk þess að hafa gefið út bókina “Piano Needn’t Be Lonely”, sem er handbók yfir 400 kammertónlistarverk og *Multipiano Repertoire* – sem var nýlega gefin út í þriðju útgáfu.

Nadia hefur setið í stjórn EPTA á Bretlandi síðan 1991, en móðir hennar Carola Grindea stofnaði Evrópusamband Píanó kennara fyrir 34 árum.